

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 AKRANES

Garðabær, 21. júní 2024
Málsnúmer: 202406-0014
LA

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytinga fyrir Hafnarberg í landi Hafnar, Hvalfjarðarsveit.

Við er í tölvubréf frá Hvalfjarðarsveit, dags. 7. júní 2024, í gegnum Skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytinga á landnotkun í landi Hafnar, þar sem núverandi skilgreind frístundasvæði verður breytt í landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði. Landbúnaðarsvæðið verður 3 ha að stærð og innan þess verður íbúðarhús og skemma. Verslunar- og þjónustusvæðið verður 6 ha að stærð og innan þess verða 22 gistihús til útleigu, 2 þjónustubyggingar, bygging fyrir veitingastað og afmörkuð verður aðstaða fyrir tjaldsvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og gerir eftirfarandi athugasemdir. Skipulagssvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá, svæðið Hafnarskógur (nr. 237) og náttúrulegir birkiskógar njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (60/2013). Svæðið er einnig hverfisverndað (HV7) í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Náttúruminjar svæðisins hafa hátt verndargildi sem felst í samfelldri heild birkiskógar og náttúrulegri þróun hans. Aukin ásókn í uppbyggingu frístundabyggða og þjónustusvæða innan náttúruminjasvæðisins getur haft áhrif og mögulega rýrt verndargildi náttúruminja sem er ekki í góðu samræmi við lög um náttúruvernd. Huga þarf að því við frekari vinnslu skipulagsins.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum síðar.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

